



Til: petur@utu.is  
Efni: 1610007 - Deiliskipulag hótels og baðlóns í landi Efri-Reykja ásamt umhverfisskýrslu. Einnig - Deiliskipulag -Spilda úr landi Efri Reykja  
Upplýsingar: Sent: 08.12.2017 15:19:55 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017110012, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2017110012

### Umsögn vegna hótels og baðlóns í landi Efri-Reykja:

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Bláskógabyggð, dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, m.a. eftir ábendingu frá Skipulagsstofnun, um tillögu að deiliskipulagi hótels og baðlóns í landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð.

Náttúrufræðistofnun Íslands er lögbundinn umsagnaraðili um deiliskipulag á náttúruverndarsvæðum skv. 68. gr. laga um náttúruvernd en þar segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda." Framangreind deiliskipulagstillaga er innan náttúruverndarsvæðis þ.e. svæðis á náttúruminjaskrá nr. 739.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun taka fram að stofnunin telur að það beri að forðast að raska svæðum á náttúruminjaskrá eins og kostur er og tekur undir ábendingar Skipulagsstofnunar hvað það varðar og koma fram beint og óbeint í umsögn stofnunarinnar þar sem fjallað er um göngustíga og að taka beri út þann hluta skipulagsins, fyrsti punktur, þar sem fjallað er um að hafa starfsmannahús utan 200 m, þriðji punktur, og þar sem fjallað er um áfangaskiptinu, fjórði punktur. Einnig tekur stofnunin undir ábendingar Skipulagsstofnunar um vöktun og fráveitu.

Náttúrufræðistofnun vill benda sérstaklega á að birki nýtur sérstakrar verndar skv. 61. g. laga um náttúruvernd og samkvæmt þeirri grein þarf að sýna fram á brýna nauðsyn framkvæmda þ.e. „Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til." Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki sýnt fram á þetta í skipulagstillögunni. Vel má vera að hægt sé að vinna skipulagið og framkvæmd þess þannig að það raski ekki verulega megin verndarþáttum náttúruverndarsvæðisins en þá þarf að sýna fram á það á mælanlegan hátt og gera grein fyrir því hvort einstaka þættir skipulagsins vald neikvæðum áhrifum eða ekki. T.d. þarf að gera grein fyrir hvað mikið/eða ekki af birki gæti raskast við mismunandi útfærslur, er votlendi í hættu, eru búsvæði fugla í hættu eða ekki við mismunandi útfærslur o.s.frv. Í þessu tilfelli er rétt að lita til þess að í landi Efri-Reykja er einnig verið að huga að því að stækka frístundabyggð meðfram ánni og setja inn nýtt 13 ha skipulagssvæði sem allt er innan svæðis á náttúruminjaskrá og innan svæðis sem er vaxið birki, sjá meðfylgjandi umsögn. Það má því segja að uppi séu fleiri en ein áform um röskun á svæði nr. 739 á náttúruminjaskrá og því ástæða til að skoða þessi mál saman og önnur ef slík áform eru uppi en Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um það.

Auk þess sem hér hefur verið bent á 61. gr. laga um náttúruvernd telur Náttúrufræðistofnun rétt að benda á aðrar greinar laganna sem geta átt við vinnslu þessarar deiliskipulagstillögu og skipulagstillagna almennt en í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem

eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnunni sé fjallað um áhrif væntanlegra framkvæmda með hliðsjón af almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*), og einnig verði umfjöllun í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Náttúrufræðistofnun er ljóst að þessi viðmið hafa upp að vissu marki verið skoðuð í skipulagsvinnunni hingað til, t.d. í umhverfisskýrslu, en mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins m.t.t allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni og afstaða til þess hvaða áhrif skipulagið hefur á náttúru svæðisins byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna og ítrekar stofnunin að hér er um að ræða svæði á náttúruminjaskrá.

### **Umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð á spildu (13 ha) úr landi Efri-Reykja:**

Við vinnslu á umsögn um deiliskipulag fyrir hótél og baðlón í landi Efri-Reykja kom í ljós að einnig var verið að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð á 13 ha svæði úr landi Efri-Reykja Biskupstungum. Svæðið allt er á náttúruminjaskrá nr. 739 Brúará og Brúarskörð, þannig lýst: (1) Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinna. (2) Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Tilkomumikið landslag í Brúarskörðum. Náttúrufræðistofnun Ísland hefur ekki fengið framangreinda tillögu að deiliskipulagi til umsagnar.

Samkvæmt 68. gr. laga náttúruvernd er Náttúrufræðistofnun Íslands lögbundinn umsagnaraðili um deiliskipulag á náttúruverndarsvæðum en þar segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“

Ekki er í skipulagstillögunni fjallað um 61. gr. laga um náttúruvernd en hún er um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja o.fl. en þar nýtur m.a. birki sérstakrar verndar, b liður, sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré. Í 61. gr. segir jafnframt að: „Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.“

Af loftmyndum að dæma er birkikjarr einna þéttast á því svæði þar sem skipulagsreiturinn er, sjá einnig <http://www.ni.is/grodur/vistgerdir>. Í tillögunni er ekki fjallað um hvaða brýna nauðsyn það

er að nýta einmitt þetta svæði frekar en önnur. Vissulega eru einungis gert ráð fyrir, á þessu stigi, þremur bústöðum á skipulagsreitnum og tveir af þeim eru nú þegar innan svæðisins og sá þriðji virðist geta fallið innan svæðis sem er raskað. Kortið/skipulagstillagan sýnir ekki nægjanlega vel hvar þriðji byggingarreiturinn lendir. Þar sem eingöngu er gert ráð fyrir þremur húsum í deiliskipulagstillögunni þá er alls ekki ljóst hvers vegna svæðið þarf að vera 13 ha nema að það sé gert ráð fyrir frekari uppbyggingu, en fleiri bústaðir eru ekki sýndir.

Öll rök fyrir deiliskipulagstillögunni eru þess eðlis að þau taka ekki tillit til náttúruverndar, þ.e. að svæðið er á náttúruminjaskrá og að ryðja þarf birki, heldur eru rökin beinlínis þveröfugt við það s.s. þar sem segir: „Samkvæmt aðalskipulagi er litið jákvæðum augum á uppbyggingu sumarbústaðahverfa. Skipulag þetta fellur að áherslum um að sumarhúsabyggð rísi á samfelldum svæðum, en skipulagssvæðið liggur á eða við sumarhúsabyggð." Jafnframt segir: „Markmið skipulagsins er að heimila byggingu frístundahúsa sem eru í samræmi við þá byggð sem fyrir er. Þá er markmið skipulagsins að uppbygging frístundahúsa verði hluti af samfelldri byggð." Að lokum segir: Deiliskipulagið er ekki talið hafa teljandi áhrif á umhverfið þar sem um er að ræða uppbyggingu á svæði þar sem þegar er frístundabyggð." Þessi framsetning stenst ekki, röskun á birki minnar ekki við að byggð sé samfelld. Í raun vantar allan rökstuðning fyrir því hvers vegna það er brýn nauðsyn að nýta birkiskóginn og byggja nær Brúará og hvers vegna það er lagt til að svæðið sé 13 ha. Þó aðalskipulag sé jákvætt fyrir því að auka við frístundahúsabyggð og skipuleggja hana í byggðum þá má örugglega einnig finna í aðalskipulaginu markmið um umhverfis- og náttúruvernd auk þess sem taka þarf tillit til laga um náttúruvernd.

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnu sé fjallað um áhrif væntanlegra framkvæmda með hliðsjón af almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og viðerni*), og einnig verði umfjöllun í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætla, hönnun mannvirkja og ræktun.

Náttúrufræðistofnun telur framkomna deiliskipulagstillögu ekki nægjanlega vel unna og ekki svara framkomnum athugasemdum. Á það ber að benda að þó hér sé aðeins um að ræða eitt frístundahús til viðbótar við þau sem þegar eru fyrir er gert ráð fyrir að frístundabyggð geti verið á í alls 13 ha landi. Og ef þau rök, að jákvætt sé að byggja þar sem byggð er fyrir án tillits til náttúrufars, má gera ráð fyrir enn meiri skerðingu á viðkomandi svæði á náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun telur rétt að til sé deiliskipulag fyrir þau hús sem þegar eru á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni og afstaða til þess hvaða áhrif skipulagið hefur á náttúru svæðisins byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna og ítrekar stofnunin að hér er um að ræða svæði á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS  
Dags: 16.11.2017 13:40:01  
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS  
Efni: Fw: 1610007 - Deiliskipulag hótels og baðlóns í landi Efri-Reykja ásamt umhverfisskýrslu.  
Umsagnarbeiðni

---

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 16.11.2017 13:39 -----

From: Pétur Ingi Haraldsson <petur@utu.is>  
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>  
Date: 16.11.2017 13:29  
Subject: 1610007 - Deiliskipulag hótels og baðlóns í landi Efri-Reykja ásamt umhverfisskýrslu. Umsagnarbeiðni

---

Góðan dag,

Í samræmi við meðfylgjandi umsögn Skipulagsstofnunar er hér óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagi hótels og baðlóns í landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð.

Gögn málsins má einnig nálgast hér (mál nr. 8)  
<http://www.sbf.is/skipulagsauglysing-sem-birtist-31-agust-2017/>

*Með kveðju,  
Pétur*

---

Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi

**Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita.**

Dalbraut 12, 840 Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: [petur@utu.is](mailto:petur@utu.is)

Vefsíða: [www.sbf.is](http://www.sbf.is)



- Umsögn Skipulagsstofnunar, Efri-Reykir 167080, hótélbygging og baðlón, deiliskipulag.pdf



Deiliskipulag, Efri-Reykir 167080, hótélbygging og baðlón, tillaga 20.06.17.pdf



- Umhverfisskýrsla,  
Efri-Reykir 167080, hótélbygging og baðlón, deiliskipulag.pdf